



Öldungaráð - 38 - Fundargerð

38. fundur

miðvikudaginn 29. maí 2024 kl. 13:00 – 14:45

Fundarsalur á 1. hæð í Ráðhúsi

Nefndarmenn

Hjálmar Pálsson formaður
Hildur Brynjarsdóttir
Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN

Starfsmenn

Birna Guðrún Baldursdóttir forstöðumaður
tómstundamála ritaði fundargerð

Brynjólfur Ingvarsson óháður mætti ekki til fundarins og boðaði ekki forföll.
Þorgerður Jóna Þorgilsdóttir fulltrúi EBAK mætti ekki til fundarins og boðaði ekki forföll.

1. Öldungaráð - samþykkt

2018120115

Farið yfir samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar.

2. Starfsáætlun öldungaráðs

2022120098

Farið yfir starfsáætlun öldungaráðs fyrir árið 2024.

3. Birta og Salka - félagsmiðstöðvar fólksins

2022020412

Umræður um stöðuna í Birtu og Sölkum sumarið framundan og komandi vetur.

Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fulltrúi EBAK óska bókað:

Þjónusta við eldri borgara hefur verið í næstneðsta sæti hjá Akureyrarbæ í síðustu þjónustukönnunum sem Gallup hefur gert fyrir sveitarfélögin. Fyrir því liggja margar ótilgreindar ástæður, nokkrar þeirra snúa tvímælalaust að félagsmiðstöðvunum.

Bærin stendur öðrum sambærilegum sveitarfélögum langt að baki varðandi matarmál, þar er boðið upp á mat alla virka daga, en hér bara þrjá virka daga í viku.

Opnunartími miðstöðvanna hér var stytur nýlega þannig að það er bara opið til kl. 13 á föstudögum, en annars er þeim lokað kl. 15:45. Yfir sumarið hefur eingöngu verið opið til kl. 13 nema á miðvikudögum í Birtu.

Starfsmannaaðstaðan í Birtu er ólögleg og þarf að bæta þar úr hið fyrsta. Viðhaldi hefur ekki verið sinnt þar sem skyldi og er klóaklykt þar þegar gengið er inn í salinn sem þótti of lítill árið 2005, hvað þá nú þegar eldri borgurum hefur fjölgað mikið og á eftir að fjölga enn meira.

Kjallarinn í Sölkum er óboðlegur undir félags- og tómstundastarf og var flutningur á

Öldungaráð 29. maí 2024 - 38. fundur

hluta af starfsemi Punktsins úr Rósenborg upp í Víðilund á sínum tíma hæpin aðgerð.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga ber þeim að „ tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi“. Því miður vantar mikið á það hjá Akureyrarbæ. Sérstaklega á það við um húsnæði undir starfsemina og mikla starfsmannaveiltu.

4. Leiðakerfi strætisvagna, ferlibílar og frístundaakstur

2024010789

Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK í öldungaráði kynnti niðurstöður úr frumkönnun vegna frístundaaksturs milli Birtu og Sölku.

Öldungaráð leggur áherslu á að farið verði af stað með tilraunaverkefni um akstur tvisvar í mánuði frá Sölku til Birtu, og til baka, næsta vetur til að gefa fleirum tækifæri til að sækja fræðsluerindi EBAK.

5. Staðan í heimahjúkrun 2024

2024051404

Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN í öldungaráði sagði frá stöðunni í heimahjúkrun og áframhaldið.

Ljóst er að mögulegar þjónustuskerðingar verða í heimahjúkrun í sumar vegna manneklu.

Öldungaráð hvetur öflugt starfsfólk heimahjúkrunar til dáða og þakkar þeim góð störf við erfið skilyrði.

Fundi slitið.

